

(C. VII, 1).

**Ed.**

**78. Tillaga**

til þingsályktunar um skrifstofur landsins í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Ingvar Pálmason.

Efri deild Alþingis skorar á stjórnina að gera sem allra fyrst ráðstafanir til að flytja skrifstofur þær, er hjer skal greina í Landsbankahúsið, Pósthúsið eða húseign landsins í Bröttugötu: Skrifstofu lögreglustjóra, bæjarfógeta, skattstofuna, veðurfræðistofnunina, vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara landsins.

### Greinargerð.

Á síðasta þingi var samþykkt áskorun til stjórnarinnar sama efnis. En tregða hefir orðið á framkvæmdum með að flytja sumar þessar skrifstofur, með því að hlutaðeigandi embættismenn vilja heldur hafa skrifstofurnar í heimahúsum. Fyrir utan hið mikla húsrúm á tveim efstu hæðum Landsbankans, sem enn er hvergi nærri fullnotað, hefir landið til umráða töluvert húsrúm í Pósthúsinu, bæði skrifstofu landsfjehirðis, sem var, og þó einkum á efsta lofti. Þar að auki á landið allstórt hús í Bröttugötu, sem myndi vera mikill hagnaður að geta notað, t. d. fyrir skrifstofu lögreglustjóra, eða fyrir vissa deild hennar, t. d. varðstöðina, sem Landsbankastjórnin hefir beðist undan að hafa í bankanum.